

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar



9. fundur

26. janúar 2023 kl. 17:00 - 18:57

í bæjarstjórnarsal

Nefndarmenn

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir aðalmaður

Þórhildur Eyþórsdóttir aðalmaður

Ragnar Ingi Sigurðsson aðalmaður

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir aðalmaður

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir forseti

Kristján Hildibrandsson (KH) varamaður

Erla Friðriksdóttir (EF) varamaður

Starfsmenn

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri

Þór Örn Jónsson bæjarritari

Jón Sindri Emilsson

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson bæjarritari

Dagskrá

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

Forseti bar upp tillögu um að eftirfarandi mál verði tekið inn á dagskrá fundarins með afbrigðum:

- 1907014 - Heilsuefling eldri borgara í sveitarfélaginu

Samþykkt samhljóða.

Er ofangreint mál sett inn sem mál nr. 23 á dagskrá fundarins.

1. Skóla- og fræðslunefnd - 4

Málsnúmer 2301001E

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð 4. fundar skóla- og fræðslunefndar lögð fram.

Fundargerð framlögð.

Fylgiskjöl:

Skóla- og fræðslunefnd - 4.pdf

2. Skipulagsnefnd - 6

Málsnúmer 2212003E

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð 6. fundar skipulagsnefndar lögð fram.

Fundargerð framlögð.

Fylgiskjöl:

Skipulagsnefnd - 6 (1).pdf

3. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 26

Málsnúmer 2212004E

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð 26. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa lögð fram.

Fundargerð framlögð.

4. Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 7

Málsnúmer 2301004E

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð 7. fundar bæjarráðs lögð fram.

Fundargerð framlögð.

Fylgiskjöl:

[Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 7.pdf](#)

5. Færsla hjúkrunarheimilis og staða framkvæmda við HVE Stykkishólmi

Málsnúmer [1909042](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram fjárhagsyfirlit vegna framkvæmda við færslu hjúkrunarheimilis í Stykkishólmi ásamt samantekt á áföllnum kostnaði miðað við áramót, en upplýsingarnar voru sendar sveitarfélaginu 30. desember 2022. Endurskoðandi sveitarfélagsins mælist til þess að kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdasýslunni í lok árs 2022 verði færð til bókar í ársreikningi 2022.

Framlagt til kynningar.

6. Fundargerð Lista- og menningarsjóðs

Málsnúmer [2003005](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram fundargerð stjórnar lista- og menningarsjóðs sem fundaði 10. janúar sl.

Framlagt til kynningar.

Fylgiskjöl:

[Fundargerð 06.01.2021.pdf](#)

7. Heilsueflandi samfélag í Stykkishólmi

Málsnúmer [1810029](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lagður fram samningur um Heilsueflandi samfélag ásamt samstarfsyfislýsingu sveitarfélagsins og Embætti landlæknis. Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem tekið er mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.

Bæjarráð lagði á 7. fundi sínum til við bæjarstjórn að samþykkja samning um

Heilsueflandi samfélag ásamt samstarfsyfislýsingu sveitarfélagsins og Embættis landlæknis.

Bæjarstjórn samþykkir samning um Heilsueflandi samfélag ásamt samstarfsyfislýsingu sveitarfélagsins og Embættis landlæknis.

8. Auglýsing byggingarlóða á grunni deiliskipulags miðbæjar austan Aðalgötu.

Málsnúmer 2301013

[Vakta málsnúmer](#)

Bæjarstjóri leggur til að Aðalgata 5A og Austurgata 6A verði auglýstar lausar til úthlutunar í samræmi við reglur um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Bæjarráð samþykkti tillögu bæjarstjóra á 7. fundi sínum. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn stafestir afgreiðslu bæjarráðs.

Fylgiskjöl:

[reglur-um-uthlutun-a-lodum-fyrir-ibudar-og-atvinnuhusnaedi.pdf](#)
[doc0701.pdf](#)

[stykkishólmur - MAA.pdf](#)

[230113-Aðalgata-5A.pdf](#)

[230113-Austurgata-6A.pdf](#)

9. Sameiningarviðræður Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Málsnúmer 2112004

[Vakta málsnúmer](#)

Enn á ný er lögð fram umsögn Örnefnanefndar um þær átta tillögur að nafni á hið sameinaða sveitarfélag sem bæjarstjórn samþykkti að senda til umsagnar nefnarinnar á 2. fundi sínum 30. júní 2022. Bæjarráð samþykkti á 3. fundi sínum að boða til íbúafundar vegna nafns á nýja sveitarfélaginu. Íbúafundurinn fór fram 5. desember sl. Á 7. fundi bæjarráðs var málinu vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.

Forseti bæjarstjórnar gerði, á 7. fundi bæjarstjórnar, grein fyrir að bæjarfulltrúar

væru sammála því að tvö nöfn kæmu til greina: Sveitarfélagið Stykkishólmur eða Stykkishólmsbær og eru þær tillögur lagðar fram til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Forseti ber báðar tillögur fyrir fundinum og greidd eru atkvæði um hvort nafnið verði fyrir valinu með handauppréttingu.

Samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslu fékk nafnið Sveitarfélagið Stykkishólmur 4 atkvæði en nafnið Stykkishólmsbær 3 atkvæði og þar með telst samþykkt nafnið Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Fundarhlé:

Bókun bæjarfulltrúa H-listans:

Á íbúafundi sem haldinn var vegna nafns á hinu nýja sameinaða sveitarfélagi þar sem kynnt var greinargerð Örnefnanefndar og íbúum boðið til samtals um niðurstöðu og fyrirliggjandi tillögur hennar kom fram sterkt ákall um að kenna hið sameinaða sveitarfélag við Stykkishólm. Í kjölfar þess fundar hafa bæjarfulltrúar H-listans fundið fyrir ákalli um, sérstaklega fá íbúum í dreifbýli, að nafnið Stykkishólmsbær endurspegli ekki nægjanlega vel hið sameinaða sveitarfélag. Hefur meðal annars verið bent á að eftirlíðurinn bær eigi frekar við um þéttbýli rétt eins og að sveit eigi við um dreifbýli. H-listinn telur að með nafninu Sveitarfélagið Stykkishólmur sé betur komið til móts við þessi sjónarmið og nái jafnframt betur utan um hið sameinaða sveitarfélag. Gefur það nafn til kynna að í sveitarfélaginu sé ekki aðeins um þéttbýlt svæði að ræða heldur einnig dreifbýli. Þá liggur fyrir að óformlegar viðræður eru um sameiningu sveitarfélaga eru á svæðinu sem myndi leiða til þess að nafnið tæki aftur breytingum, en þar sem sveitarfélagið mun vera kennt við Stykkishólms mun ekki felast í því nein breyting á lénum eða öðrum þáttum hvað varðar kostnað við hið nýja nafn. Nafnið Sveitarfélagið Stykkishólmur er jafnframt í samræmi við umsögn Örnefnanefndar sem taldi fara vel á því að kenna nýsameinað sveitarfélag við Stykkishólm og samkvæmt Örnefnanefnd samræmis það nafn meginsjónarmiðum örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga.

Bæjarfulltrúar H-listans:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Ragnar Ingi Sigurðsson

Þórhildur Eyþórsdóttir

10. Austurgata 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Málsnúmer 2211047

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð er fram umsókn Rerum ehf., f.h. Helga Björgvins Haraldssonar, um leyfi fyrir svölum á suðvesturhlið Austurgötu 6 ásamt frekari gögnum. Þar sem umrædd breyting er ekki í samræmi við deiliskipulagsskilmála, vísar byggingarfulltrúi erindinu til skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd gat ekki, á 6. fundi sínum, fallist á umsókn Rerum ehf. um byggingu svala þar sem fjarlægð þeirra út frá húsinu var ekki í samræmi við skipulagsskilmála í gildandi deiliskipulagi. Óski umsækjandi eftir að vinna óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af framlögðum uppdráttum, tekur nefndin fyrir sitt leyti jákvætt í það og felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna skipulagsbreytinguna fyrir lóðarhöfum Austurgötu 4, Skúlagötu 2 og Skúlagötu 4 í samræmi við 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Berist athugasemdir úr grenndarkynningu skal taka málið aftur fyrir í skipulagsnefnd. Berist engar athugasemdir, felur nefndin byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild skv. að uppfylltum skilyrðum 2.4.3. gr. byggingarreglugerðar.

Bæjarráð staðfesti, á 7. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Fylgiskjöl:

[2211047 - Frekari upplýsingar.pdf](#)

[Austurgata 6-BNF-2022.11.16.pdf](#)

11. Birkilundur 27 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Málsnúmer 2212018

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram umsókn Hafnargata ehf. fyrir stækkun á frístundarhúsi við Birkilund 27 ásamt innanhúss breytingum skv. aðaluppdrætti dags. 18.12.2022. Húsið er skráð 33,m2 og verður eftir stækkun 68,4m2. Stækkunin er á steypum staurum og meginburðarvirki hússins er timbur. Þar sem ekkert er kveðið á um byggingarmagn í gildandi deiliskipulagi frá 1984, vísaði byggingarfulltrúi erindinu til skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd hafnaði, á 6. fundi sínum, umsókn Hafnargötu ehf. um stækkun á frístundahúsi þar sem staðsetning hússins er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og gr. 5.3.2.12 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Einnig eru lagðar fram frekari upplýsingar um málið.

Bæjarráð staðfesti, á 7. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Fylgiskjöl:

[2212018 - Frekari upplýsingar.pdf](#)

[birkilundur-27.pdf](#)

[2006-Deiliskipulagsbreyting-EKKI-Í-GILDI.pdf](#)

[1984 dsk frístundabyggðar í landi saura.pdf](#)

12. Hamraendi 4 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Málsnúmer 2207004

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram athugasemd úr grenndarkynningu vegna byggingaráforma og byggingarleyfis fyrir Hamraenda 4 ásamt forsögu máls.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 6. Fundi sínum, fyrir sitt leiti að fyrirhuguð bygging verði færð nær spennistöð á lóð Rarik en þó ekki nær en 2 metrum frá lóðarmörkum. Nefndin gerði kröfu um að langveggur byggingarinnar sem snýr að lóð Rarik verði steypdur sem nemur hæðarmörkum lóðar Rarik og gengið frá lóð með fyllingu að byggingu.

Lögð fram tillaga að afgreiðslu í samræmi við afgreiðslu bæjarráðs sem staðfesti ákvörðun skipulagsnefndar.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með þeim breytingum sem liggja fyrir og samþykktar voru af hálfu skipulagsnefndar, þar sem afstaða var tekin til framkominna athugasemda eftir að byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt fyrir þeim sem hagsmuna áttu að gæta með lögmæltum fjögurra vikna athugasemdafresti skv. 44. gr. skipulagslaga, og vísar umsókninni til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Fylgiskjöl:

[2207004 - Athugasemd frá Rarik og saga máls.pdf](#)

[athugasemdir RARIK.jpg](#)

[Hamraendi 4 - Byggingaráform og byggingarleyfi - Grenndarkynning.pdf](#)

[2207004 - Tillaga að afgreiðslu.pdf](#)

[Hamraendi 4.pdf](#)

Erla Friðriksdóttir vék af fundi.

13. Áskinn 6 - fyrirspurn

Málsnúmer [2211034](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram fyrirspurn Erlu Friðriksdóttur til byggingarfulltrúa frá 14. nóvember 2022 um breytingu á skipulagsskilmálum fyrir Áskinn 6 úr einnar hæðar einbýli, tvíbýli eða þrúbýli í raðhús með fjórum íbúðareiningum. Einnig er lögð fram saga málsins til frekari upplýsinga.

Skipulagsnefnd tók, á 6. fundi sínum, jákvætt í fyrirspurn lóðarhafa. Sækir lóðarhafi um breytingu á notkun lóðar, samkvæmt framlögðum gögnum, felur nefndin skipulagsfulltrúa að grenndarkynna fyrirhugaða breytingu fyrir lóðarhöfum Áskinn 3,4,5 og 7 og Ásklif 5, 7 og 9 skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Berist ekki athugasemdir úr grenndarkynningu, felur nefndin umhverfis- og skipulagssviði að útbúa nýtt lóðarblað og byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum gr.2.4.4. byggingarreglugerðar 112/2012 m.s.br.

Bæjarráð staðfesti á 7. fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar.

Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Fylgiskjöl:

[2211034 - Frekari upplýsingar.pdf](#)

[Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa.pdf](#)

[201214-Áskinn-6-lóðarblað.pdf](#)

[221101-Áskinn-6-Drög.pdf](#)

[221214-Áskinn-6-lóðarblað.pdf](#)

Erla kom aftur inn á fundinn.

14. Áform um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða

Málsnúmer [2101031](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram áform Matvælaráðuneytisins um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu) ásamt frummati á áhrifum lagasetningarinnar.

Bæjarráð fagnaði á 7. fundi sínum fyrirliggjandi áformum og þeim markmiðum sem stefnt er að í þeim en lagði áherslu á að samráð verði haft við sveitarfélagið, vinnslur og sjómenn við Breiðafjörð við gerð og setningu reglugerða í framhaldi að fyrirhugaðri lagasetningu.

Að öðru leyti er tók bæjarráð undir ályktun aðalfundar Bátafélagsins Ægis um málið og vísar til þeirrar ályktunar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

Fylgiskjöl:

[Ályktun aðalfundur Bátafélagsins Ægis vegna grásleppu - 12. desember 2022.pdf](#)

[Áform MAR22060106 grásleppa.pdf](#)

[Áhrifamat MAR22060106 grásleppa.pdf](#)

15. Uppbygging Víkurhverfis

Málsnúmer 2301011

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram minnisblað Verkís um hönnun á fráveitukerfi fyrir nýtt Víkurhverfi í Stykkishólmi og þá valkosti sem fyrir liggja.

Bæjarráð samþykkti á 7. fundi sínum valkost 1 fyrir fráveitukerfi hverfisins og er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs með fjórum atkvæðum og þrjú sátu hjá.

Til máls tóku: HH, JBSJ og EF

Bókun bæjarfulltrúa Í-listans:

Undirrituð fagna því að unnið sé að kostnaðarmati á Víkurhverfi. Til að fá sem besta mynd þarf einnig að fá kostnaðarmat fyrir gatnagerð. Þegar allur kostnaður við fullnaðarfrágang á hverfinu liggur fyrir er hægt að meta kostnað við fyrsta áfanga þess og hvernig framkvæmdum verði háttað og á hve löngum tíma. Það er enn skoðun okkar að ekki sé tímabært að hefja framkvæmdir á þessu ári með tilliti til fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, vaxtastigs, verðbólgu og aðstæðna í þjóðfélaginu.

Íbúalistinn

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir

Kristján Hildibrandsson

Erla Friðriksdóttir

16. Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi

Málsnúmer 1907032

[Vakta málsnúmer](#)

Fyrir liggur að byggingarfulltrúi hefur sagt upp störfum og hefur störf hjá verkfræðistofu um næstu mánaðarmót. Lagt er til að fela bæjarstjóra að gera verktakasamning í gegnum verkfræðistofu við núverandi byggingarfulltrúa um að sinna áfram lögbundnum störfum byggingarfulltrúa eða eftir atvikum aðra verkfræðistofu, en framvegis í verktakavinnu þar til ráðið verður í stöðu byggingarfulltrúa hjá sameiginlegu sviði umhverfis- og skipulagsmála.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 7. fundi sínum, að ganga til samninga um stöðu byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

17. Húsnæðisáætlun 2022

Málsnúmer 2202005

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun fyrir árið 2023. Bæjarráð samþykkti á 7. fundi sínum, fyrirbyggjandi drög og vísaði áætlunni til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkir húsnæðisáætlun fyrir 2023 og vísar henni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

18. Miðstöð öldrunarþjónustu í Stykkishólmi

Málsnúmer 2106022

[Vakta málsnúmer](#)

Á 7. fundi bæjarráðs fól bæjaráð bæjarstjóra að aurglýsa stöðu forstöðumanns miðstöðvar öldrunarþjónustu. Í samræmi við afgreiðslu bæjarráðs er lögð fram tillaga að bókun bæjarstjórnar, áætlun um ráðningu forstöðumanns miðstöðvar öldrunarþjónustu ásamt auglýsingu. Áætlunin gerir ráð fyrir að bæjarstjórn taki ákvörðun um ráðningu en að bæjarstjóra sé falinn undirbúningur ákvörðunar með aðstoð ráðgjafa frá Attentus.

Stofnað er nýtt starf forstöðumanns öldrunarþjónustu.

Forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra er í sameiningu falið að annast undirbúning ráðningar forstöðumanns miðstöðvar öldrunarþjónustu, í samvinnu við hæfninefnd sem skipuð verður aðalmönnum í bæjarráði, með hliðsjón af áætlun um ráðningu skólastjóra og framlagðri áætlun og gera tillögu að ráðningu til bæjarstjórnar.

Samþykkt með fjórum atkvæðum þrír sátu hjá

Til máls tóku:HH,JBSJ,SIM,EF og RHS

Fundarhlé.

Tillaga:

Undirrituð leggja til að fresta málinu þangað til að þeir þættir sem tilgreindir eru í meðfylgjandi greinargerð liggja fyrir.

Greinargerð:

Undirrituð fagna því að verið sé að skoða hvernig hægt sé að bæta öldrunarþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Við teljum að byrjað sé á röngum enda með því að auglýsa eftir forstöðumanni núna. Fyrst þarf að fara í stefnumörkun á hlutverki miðstöðvar öldrunarþjónustu, hvaða þjónusta verði veitt, hver umsvif og mannaforráð verða á stofnuninni, hvernig samskiptum og verkaskiptingu við HVE og Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga verði háttað. Einnig þarf að liggja fyrir hvaða kostnaðarauki felst í stofnun miðstöðvarinnar til næstu 3-4 ára. Að þessu loknu er hægt að gera starfslýsingu/ar fyrir stofnunina.

Í fyrra skilaði starfshópur um öldrunarþjónustu á Vesturlandi skýrslu til SSV um málaflokkinn. Í kjölfarið var Guðjón Brjánsson ráðinn sem ráðgjafi SSV til að vinna að frekari útfærslum á tillögum hópsins. Einnig er í gangi endurskoðun á öldrunarþjónustu á landsvísu og munu forsvarsmenn þess funda ásamt Guðjóni með sveitarstjórnarfólki og lykilaðilum í málaflokknum á Vesturlandi, þ.á.m. Félags- og skólaþjónustu og HVE, föstudaginn 3. febrúar. Þessi fundur og áframhaldandi vinna þessara aðila munu gefa mikilvægar upplýsingar um hvernig við mótum öldrunarþjónustu til framtíðar.

Íbúalistinn

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir

Kristján Hildibrandsson

Erla Friðriksdóttir

Tillaga feld með fjórum atkvæðumgen þremur.

Varatillaga:

Undirrituð leggja til að skipuð verði hæfnisnefnd samsvarandi og við ráðningu skólastjóra til að semja starfslýsingu og meta umsóknir um nýtt starf forstöðumanns á nýrri stofnun.

Íbúalistinn

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir

Kristján Hildibrandsson

Erla Friðriksdóttir

Ekki greitt atkvæði um varatillögu.

19. Snjómokstur gatna og gönguleiða

Málsnúmer 2202010

[Vakta málsnúmer](#)

Lagðar fram verklagsreglur um snjómokstur í sveitarfélaginu, en á 7. fundi bæjarráðs var fjallað um útfærslu á þjónustu á snjómokstri í dreifbýli.

Bæjarráð samþykkti á 7. fundi sínum, að viðhafa sama fyrirkomulag varðandi snjómokstur í dreifbýli og var í Helgafellsveit fyrir sameiningu þar til annað hefur verið ákveðið.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs, enda verður málið tekið til umfjöllunar í drefibýlisráði eftir að það er stofnað.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:HH,KH,EF og JBSJ

Bókun.

Tillaga

Tillaga okkar er að þessu máli verði vísað til dreifbýlisráðs, og með því langar okkur að ýta á að dreifbýlisráð verði sett á laggirnar.

Greinargerð

Snjómoksturinn í Helgafellssveit var ábótavanur fyrir sameiningu, bæði að hálfu vegagerðarinnar og sveitafélagsins, og ein af gulrótunum fyrir sameiningu var stefna um betri samgöngur. Okkur finnst því ekki við hæfi að stefna okkar hér verði að halda áfram með snjómoksturinn í sveitinni eins og áður var gert.

Við vitnum í eina af tillögum sameiningarnefndarinnar: „Reglur um snjómokstur í dreifbýli verði endurskoðaðar og útfærðar í samráði við dreifbýlisráð.“ En dreifbýlisráð hefur enn ekki verið stofnað.

Undir þetta rita

íbúalisinn

Kristján Hildibrandsson

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir

Erla Friðriksdóttir

Tillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

20. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023

Málsnúmer 2212016

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram erindi frá Matvælaráðuneytinu vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023, ásamt sérreglum sem samþykktar hafa verið af háflu sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti á 7. fundi sínum, framlagða tillögu/ályktun/skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í tengslum við byggðakvóta vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiaríð tímabilið 2022-2023 lykt og samþykkt var á 636. bæjarstjórnarfundi frá 21. febrúar 2022.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

21. Auglýsing um starf skólastjóra

Málsnúmer 2102042

[Vakta málsnúmer](#)

Skólastjóri samrekins grunnskóla og tónlistaskóla hefur sagt starfi sínu lausu. Vegna þess er þörf á að hefja undirbúning ráðningar í starf skólastjóra.

Ráðning skólastjóra og starfsfólks í leik- og grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Með vísan til 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 50. gr. reglna um stjórn sveitarfélagsins

kemur það í hlut bæjarstjórnar að ráða skólastjóra grunnskólans.

Lögð er fram drög að bókun ásamt áætlun um ráðninguna. Áætlunin gerir ráð fyrir að bæjarstjórn taki ákvörðun um ráðningu en að forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóra sé í sameiningu, í samvinnu við hæfninefnd, sem skipuð er aðalmönnum í bæjarráði, falinn undirbúningur ákvörðunar með aðstoð ráðgjafa frá Attentus.

Bæjarráð samþykkti á 7. fundi sínum, að forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra sé í sameiningu falið að annast undirbúning ráðningar skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi og tónlistaskóla, í samvinnu við hæfninefnd sem skipuð verður aðalmönnum í bæjarráði, í samræmi við framlagða áætlun og gera tillögu að ráðningu til bæjarstjórnar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra er í sameiningu falið að annast undirbúning ráðningar skólastjóra samrekins Grunn- og tónlistarskóla í Stykkishólmi, í samvinnu við hæfninefnd sem skipuð verður aðalmönnum í bæjarráði, í samræmi við framlagða áætlun og gera tillögu að ráðningu til bæjarstjórnar.

22. Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs

Málsnúmer 1912004

[Vakta málsnúmer](#)

Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs frá janúar til júní 2023 framlögð

Bæjarráð samþykkti á 7. fundi sínum, fyrirbyggjandi fundaráætlun með áorðnum breytingum. Lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

23. Heilsuefling eldri borgara í sveitarfélaginu

Málsnúmer 1907014

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki, í samræmi við framlagða greinargerð, að sveitarfélagið styðji áfram við eflingu heilsu og velferð eldra fólks með því að

styrkja íbúa í sveitarfélaginu 67 ára og eldri um árskort í sund árið 2023 og 2024.

Bæjarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

24. Minnisþingar bæjarstjóra

Málsnúmer 1808022

[Vakta málsnúmer](#)

Framlagðir minnisþingar bæjarstjóra.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir minnisþingum sínum.

Til máls:HH,JBSJ og EF

Fundi slitið - kl. 18:57.